

1868.

19. marz.

meðfram ströndum Íslands í fyrra með ensku flaggi, hafi ekki látið sér nægja að veiða hvali úti á rúmsjó, heldur hafi þau einnig gjört það inni á fjörðunum, og annarsstaðar innan takmarkanna fyrir yfirráðunum yfir sjónum, skoraði dómsmála-stjórnin á sjóliðsstjórnina að hafa tillit til kæru þessarar í erindisbréfinu handa foringjanum fyrir herskipi því, sem í ár á að hafa stöðvar við Ísland. Sjóliðsstjórnin hefir sagt sig fúsa á að verða við þessari áskorun, en um leið vakið athygli á, að menn geti ekki blúzt við, að danska herskipið geti staðið slík hvalaveiðaskip að veiðum inni á fjörðunum, eða innan takmarka þeirra, sem sett eru í samningum þjóða á milli, því að það sé vitaskuld, að þau muni varast allar veiðar inni á fjörðunum eða innan tæðra takmarka um það leyti, sem þau vita, að herskipið muni vera í grennd við sig.

Vegna þessa eruð þér, herra stíptamtmaður (amtmaður), beðnir að skipa sýslumönnum í umdæmi yðar, þar sem verið getur að slík lagabrot verði framin, að leitast við að fá sannanir um þau, því þá gæti herskipið æfinlega seinna skorizt í leikinn.

10. Lög um, að endurskoðuninni á lögunum frá 19. degi janúarmánaðar 1863, um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, skuli enn fremur skotið á frest.

20. marz.

Vér Kristján hinn Níundi o. sv. frv., Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

Endurskoðuninni á lögunum frá 19. degi janúarmánaðar 1863, um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, sem skipað er fyrir um í tæðum lögum, smbr. lög 16. febrúarmánaðar 1866, skal enn á ný skotið á frest í tvö ár, þannig að þau, ef til þess kemur, skulu endurskoðuð fyrir lok fjárhagsársins 1869—70.

1868.

20. marz.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.
 Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað, Kaupmannahöfn
 20. dag marzmánaðar 1868.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Ástæður fyrir lögum þessum.

Samkvæmt 5. grein í lögnum frá 19. janúarmán. 1863 um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, hefði átt að endurskoða lög þessi fyrir lok fjárhagsársins 1865—66. En sökum þess, að óvissa sú um fjárhagssamband Íslands við hinn hluta ríkisins, er hafði leidd ríkisþingið til að láta lög þessi koma fram sem bráðabirgða-lög framar en ætlazt var til í frumvarpi stjórnarinnar, var enn hin sama um lok fjárhagsársins 1865—66, var ákveðið með lögum 16. febrúarmán. 1866, að endurskoðuninni á lögnum 19. janúarmán. 1863 skyldi skotið á frest, þannig, að hún ætti að fara fram fyrir lok fjárhagsársins 1867—68.

Eins og nú er ástatt, þar sem stjórnarskipunarmál Íslands er komið svo langt áleiðis, að fyrir síðasta íslenzka alþingi hefir verið lagt frumvarp til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, og alþingi hefir fallið á frumvarp þetta, að vísu með nokkrum breytingum og þeim sumum hverjum verulegum, hlýtur dómsmálastjórnin samt sem áður, hvort sem stjórnarskipunarmálinu verður ráðið til lykta á þann hátt, sem alþingi stingur uppá, eður ekki, að álíta miður heppilegt að fara nú að endurskoða tæð lög frá 19. janúarmán. 1863, því að, verði hið fyrra ofaná, virðist sjálfsagt að geyma hinu tilvonandi löggefanda íslenzka fulltrúalþingi að gjöra út um endurskoðunina, og verði hið síðara ofaná virðist sjálfsagt að skjóta henni á frest, þangað til menn vita með vissu, hvort að allt verður óbreytt. Stjórnarráðinu hefir því virzt réttast að stinga uppá, að endurskoðuninni á lögum þessum verði enn á ný skotið á frest í 2 ár, þannig, að hún fari fram fyrir lok fjárhagsársins 1869—70, ef þar að kemur.